

Fundargerð Aðalfundur 2016

19. apríl í húsnæði Barra ehf. og hefst kl 20:05 Maríanna formaður býður fólk velkomið og setur fund. Hún skipar Jóhann Þórhallsson fundarstjóra og Halldór fundarritara.

Fundarstjóri leggur fram eftirfarandi dagskrá og gefur formanni orðið með skýrslu stjórnar

Dagskrá sem byggir á 5. gr. í lögum félagsins.

1. Fundur settur. Lögmæti fundar kannað.
2. Skýrsla stjórnar frá síðasta aðalfundi.
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og afgreiddir.
4. Inntaka nýrra félaga.
5. Félagsgjöld ársins ákveðin.
6. Skýrsla Héraðs og Austurlandsskóga um síðasta ár.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga.
9. Tillaga hvert oddatöluár um aðal- og varamenn til setu í stjórn Héraðs og Austurlandsskóga
10. Tilnefna aðal- og varamann til setu í stjórn LSE til eins árs.
11. Ólöf Sigurbjartsdóttir úr stýrihópi vegna sameiningar Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna segir frá gangi mála
12. Önnur mál
13. Fundi slitið.

1. **Fundarstjóri kannar mætingu** og eru mættir 25 skógarbændur. Boðað er til fundarins samkv. samþ. félagsins og fundurinn því lögmætur.
2. **Skýrsla stjórnar félags skógarbænda á Austurlandi.**

Í stjórn sitja Halldór Sigurðsson, Maríanna Jóhannsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Borgþór Jónsson, Helgi Bragason.

8 stjórnarfundir hafa verið haldnir á árinu.

Félagið hefur haft aðkomu að hefðbundnum verkefnum með samstarfsaðilum og þar má nefna

- Skógardaginn mikla í Hallormsstaðaskógi
- Jólamarkaður í Barra,

Það er mikil vinna sem felst í undirbúningi þessara daga og ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem komu að honum kærlega fyrir vel unnin störf.

- Skýrslan: Afurðamiðstöð viðarafurða á Austurlandi var unnin og kynnt eftirminnilega.
- Almennur félagsfundur þar sem Lára Vilbergsdóttir hjá Austurbrú kynnti sinn hluta skýrslunnar

- Skrifað var undir samning vegna kaupa á kurlara þar sem okkar hlutur er 1,5 milljónir kr.
 - Farin var skemmtileg hópferð á aðalfund LSE í Stykkishólmi sl. haust, farið var í rútu héðan að austan og gíst í Skagafirðinum á vesturleiðinni.
 - Félag skógarbænda fékk 800,000,- styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands vegna verkefnis sem við sóttum um og heitir „Umbreyting – efnisrannsókn í skógi. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Listaháskólann og Afurðamiðstöðin í Fljotsdal verður væntanlega í lykilhlutverki. Frumkvæði að þessari umsókn kom frá Garðari Eyjólfssyni lektor LÍ og umsóknin var unnin af Austurbrú.
 - Sótt var um 3 milljóna kr. styrk til Framleiðnisjóðs Landbúnaðarins „Þróun og framleiðsla á girðingastaurum úr íslenskum viði“ í samstarfi við LSE. Umsóknin hlaut ekki styrk.
 - Viðarkyndistöðin á Hallormsstað – beiðni frá Hitaveitunni um beina aðkomu félagsins. Félagið hafnar því en benti á að einstakir bændur geta selt við þangað. Ekki hægt vegna þess að það er ekki starfsmaður og þetta er talsverð vinna. Aftur á móti hefur Þröstur Eysteinnsson óskað eftir fulltrúa félagsins samráðsnefnd ásamt fulltrúa Skógræktarinnar til að fjalla um þau mál. Borgþór skipaður í nefndina.
 - Stjórnin hefur kynnt sér sameiningarmál skógargeirans og komið með athugasemdir þar um bæði á aðalfundinum í Stykkishólmi í haust og á fundi í Umhverfisráðuneytinu með ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra þar sem formaður og gjaldkeri fóru fyrir hönd stjórnar félagsins.
 - Landsfundurinn verður haldinn hjá okkur í október næstkomandi og stjórn samþykkti að þema fundarins verði „afurðamál“ Búið er að semja við Valaskjalf um að hýsa fundinn og gesti.
- 3. Reikningar.** Rekstrartekjur voru kr. 8.152.629 og rekstrarhagnaður var kr. 3.345.993 en inn kom mikið af styrkjum vegna skýrslu um afurðaverkefni sem eftir er að ljúka uppgjöri á. Nokkrar spurningar komu fram sem gjaldkeri svaraði. Reikningar samþykktir með þorra greiddra atkvæða.
 - 4. Nýir félagar.** Máni Sigfússon (Víðilækur), Bergljót Halla Kristjánsdóttir og Jónas Rúnar Ingólfsson (Hryggstekkur) sækja um inngöngu, samþykkt samhljóða.
 - 5. Félagsgjöld.** Samþykkt að félagsgjöld verði óbreytt, 7.000 kr. fyrir lögbýli og 1.500 kr. fyrir einstakling.
 - 6. Skýrsla Hask 2015.** Sherry Curl flytur skýrslu Hask. Lítið plantað, aðeins 391.230 plöntur sem er það minnsta frá 1990. Slóðagerð var 70.2 km nýjar girðingar 4.5 km jarðvinnsla 30.7 ha og millibilsjöfnun 99.8 ha. All nokkrar umræður urðu um erindi Sherry, einkum hvað orsakir eru fyrir svo lítillplöntun.
 - 7. Lagabreytingar.** Í 5. Gr. a)falli burt „*skriflega með dagskrá*“ en í staðinn komi, *rafrænum hætti*. Samþykkt með 15 atkv. aðrir sitja hjá. b) Brott falli 6. liður um skýrslu Héraðs og Austurlandsskóga sem brátt heyra sögunni til. Samþykkt með 14 atkv. 2 á móti. c) Jafnframt falli brott 9. liður um tillögu að aðal- og varamanni í stjórn Héraðs og Austurlandsskóga. Samþykkt með 12 atkv. 1 á móti. Eftir breytingarnar er 5. gr. samþykkt FSA þannig.
Aðalfundur er æðsta vald félagsins. Með viku fyrirvara fyrir lok apríl ár hvert boðar stjórn aðalfund með rafrænum hætti og telst hann lögmætur sé hann löglega boðaður. Á dagskrá fundarins eru þessir liðir:
 1. Fundur settur. Lögmæti fundar kannað.
 2. Skýrsla stjórnar frá síðasta aðalfundi.
 3. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram og afgreiddir.
 4. Inntaka nýrra félaga.
 5. Félagsgjöld ársins ákveðin.

6. Lagabreytingar, hafi komið fram formlegar tillögur þar um og kynntar með fundarboði.
7. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga.
8. Tilnefna aðal- og varamann til setu í stjórn LSE til eins árs.
9. Önnur mál.
10. Fundi slitið.

Greinin í heild samþykkt með 16 atkvæðum, enginn á móti.

8. **Kosningar.** Stjórnin endurkjörin með lófataki. Magnhildur Björnsdóttir sem verið hefur annar af tveimur skoðunarmönnum reikninga hefur selt sína jörð og er því ekki kjörgeng lengur. Í hennar stað er kjörinn Elvar vignisson og Edda Björnsdóttir endurkjörin.
9. **Ekki virk þetta árið.**
10. **Stjórn Lse.** Jóhann Gísli Jóhannsson kjörinn aðalmaður og Björn Ármann Ólafsson til vara.
11. **Gunnlaugur Guðjónsson** sviðsstjóri fjármálasviðs skógræktarinnar mætti í forföllum þratar Eysteinnssonar skógræktarstjóra og fjallaði um ný lög um skógræktina sem liggja fyrir Alþingi og stefnumótun nýrrar stofnunar sem nú virðist komin á góðan skrið. Nokkrar og almennar umræður urðu um erindi Gunnlaugs. M.a. var spurt um markað fyrir kurl á Grundartanga og Bakka, skipurit og aukið fjármagn til skógræktar. Lagt til við stjórn að koma aths. um lagafrumvarpið á framfæri. Jói Þórhalls. sagði bændur hafa haft stjórnarmenn í landshlutaverkefnunum og þannig aðkomu að ákvörðunum. Nú er talað um samráð og kynningu fyrir skógarbændur. Mikil gagnrýni kom fram á þær hugmyndir sem eru um útfærslu á stjórnun skógræktar hvað varðar aðkomu bænda og fjármagn til skógræktar á bújörðum sem allir eru sammála um að sé þungamiðja skógræktar í framtíðinni. Ekki komu fram skýr svör frá Gulla, vitnaði í stefnumótun sem tekur þó ekki yfir lögin.
12. **Önnur mál.** Helgi Elísson Spyr um kostnað við skýrslu um afurðamiðstöð og hvert verði framhald þess verkefnis. Þorsteinn Pétursson segir ný samþykkt lagabreytingu um að skipa ekki í stjórn Hask vanhugsaða. Jói Gísli segir frá samþykkt tillögu um kolefnismál á Búnaðarþingi og skýrði síðan útreikninga Brynhildar Bjarnadóttur á kolefnislosun og kolefnisbindingu í landbúnaði sem hún vann fyrir Lse. Jói Þórhalls. óskar eftir því að fundurinn beini því til fundarins að hann feli stjórn að gefa ákveðnar athugasemdir við frumvarp til nýrrar skógræktarlaga sem nú eru að fara í umsagnarferli fyrir umhverfisnefnd alþingis. **Fundurinn felur stjórn að gera skriflegar athugasemdir við frumvarpsdrögin.**

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:20

Fundarritari.

Fundarstjóri.

Halldór Sigurðsson

Jóhann Þórhallsson